

Benedikt greiði hver þeirra $\frac{1}{6}$ málskostnaðar fyrir yfirdómi, og þar á meðal málsfærslulaun sóknara, setts málaflutningsmanns Jóns Jónssonar, 3 kr. hver, og 4 kr. hver þeirra í varnarlaun til talsmanns þeirra, amtsskrifara Páls Jóhannessonar.

Hið ídæmda greiðist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa og dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Mánudaginn 8, septembermán.

Nr. 6/1879

Ritstjóri Jón Ólafsson
 gegn
 sýslumanni P. Böving

D ó m u r :

Með dómi, sem kveðinn var upp fyrir aukarjetti Suðurmúlasýslu 9. dag maímán. 1878, er áfrýjandi þessa máls, ritstjóri blaðsins «Skuldar», Jón Ólafsson, dæmdur fyrir ærumeiðandi ummæli um P. Böving, sýslumann í Norður-Múlasýslu, í 1. árg. 8. og 11. tölublöðum greinds blaðs, er komu út 24. ág. og 12. okt. 1877, til að lúka 100 kr. sekt til landssjóðs, eða, ef sektin ekki er greidd í ákveðinn tíma, til að sæta einföldu fangelsi í 30 daga; svo eru hin ærumeiðandi ummæli dæmd dauð og marklaus og áfrýjandinn skyldaður til að greiða allan löglegan kostnað af málinu, eins og það ekki hefði verið gjafsóknarmál af hendi sækjanda í hjerði, og þar á meðal málaflutningslaun til hins skipaða talsmanns sýslumanns Bövings, 10 krónur.

Þessum dómi hefur Jón Ólafsson skotið til yfirdómsins með stefnu, dagsettri 31. janúar þ. á., og hefur hann krafizt, að hann verði sýknaður af kærnum og

kröfum sýslumanns Bövings í þessu máli, og að stefndi verði skyldaður til að greiða honum málskostnað fyrir báðum rjettum með einhverju nægilegu eptir mati yflr-dómsins. Hinsvegar hefur sýslumaður Böving krafizt þess, að hinn áfrýjaði hjeraðsdómur verði staðfestur, og að áfrýjandinn verði dæmdur til að greiða sjer málskostnað fyrir yfirdómi með hæfilegri upphæð, t. a. m. 30 krónur.

Í ofan nefndum blaðagreinum «Skuldar» — er fyrirsögn annarar: «löghlýðni útlendinga við íslenzk lög», en hinnar: «löghlýðni sýslumannsins í Norður-Múlasýslu» — hefur áfrýjandi þessa máls út af því, að honum þótti hinn stefndi hafa ólöglega afgreitt útlend skip á Seyðisfirði, farið all mörgum ókvædisorðum um stefnda, og voru hin helztu þeirra, eins og stefndi hefur til greint, þessi: «hefur sýslumaður Norður-Múlasýslu . . . leyft sjer að skrifa á skjöl slíkra skipa og afgreiða þau, þótt honum væri fullkunnugt, að þau væru þar ólöglegri veru og rekandi ólöglega verzlun», «að sýslumaður Norður-Múlasýslu hafi hjer lagt sitt fram til að hjálpa þessum útlendingum til að brjóta hjer lands lög og rjett», «þá sparaði hann . . . sjálfum sjer svívirðing», «hann hafði berum orðum játað, að vjer hefðum satt að mæla, að hann hefði brotið lögin með ólöglegri afgreiðslu slíkra skipa; það virðist því, að allir hefðu mátt vænta þess, að hann fremdi ekki vísvitandi aptur nú að nýju sama lagabrotið», «ranglæti þess játað af lögbrotsmanninum á Vestdalseyri sjálfum», «stefnuföst viðleitni til þess, sem við á góða og gamla íslenzku köllum að bíta höfuðið af skömminni».

Það er af stefnda tekið fram, að skipaafgreiðsla sú, sem hjer er um að ræða, hafi að hans álitu verið lögmæt, og hefur hann talið til þess ýms rök. En það virðist með öllu óþarft í þessu máli að rannsaka, hvort

hún hafi verið lögum samkvæm eða ekki, því þótt það yrði álitnið, að stefndi hefði misskilið lögin um þetta efni, þá heimilaði það ekki áfrýjanda að við hafa hin tilvitnuðu ummæli, sem rjetturinn verður að álita mjög ærumeiðandi bæði í sjálfu sjer og sjerstaklega þar sem þau eru við höfð um embættismann.

Yfirdómurinn verður því að vera undirdómaranum samdóma um, að áfrýjandinn hafi brotið gegn 217. og 218. gr. hegningarlaganna, og virðist hegning sú, sem hann hefur til unnið, hæfilega ákveðin af undirdómaranum með hliðsjón af 58. og 60. gr. sömu laga 100 kr. sekt til landssjóðs, eða einfalt fangelsi í 30 daga, sje sektin eigi greidd í ákveðinn tíma, eins og að hann líka verður að fallast á það, sem að öðru leyti, og þar á meðal um málskostnað, er ákveðið í undirdóminum.

Samkvæmt þessum úrslitum ber áfrýjanda einnig að greiða málskostnað fyrir yfirdómi, sem ákveðst 20 krónur.

Að því málið er flutt með gjafsókn í hjeraði vottast, að rekstur þess hefur verið lögmatúr.

Því dæmist rjett að vera:

Dómi undirrjettarins í þessu máli skal óraskað. Málskostnað fyrir yfirdómi greiði áfrýjandi með 20 krónum. Hið ídæmda ber að greiða innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa og dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Mánudaginn 15. septbrmán.

Nr. 12/1879

Rjettvísinn

gegn

Gunnari Björnssyni.

D ó m u r :

Mál þetta er höfðað fyrir aukarjetti Norðurmúla-